

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar ÍTN haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 1. september 2010 kl. 18:00

Mætt voru: Vilborg Stefánsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir einnig komu á fundinn Oddný Kristjánsdóttir og Gunnólfur Lárusson.

1. Lásum erindisbréf íþróttu og tómstundanefndar til að átta okkur á starfsemi nefndarinnar og hvert okkar starf er.
2. Fjárhagsáætlun, nefndin óskar eftir upplýsingum frá sveitarstjórn um hvernig fjárhagsáætlun er háttáð fyrir íþróttu og tómstundastarfið.
3. Íþróttu og æskulýðsfulltrúi greindi frá starfi sumarsins og ramma að starfi vetrarins sem þarf að vinnast betur með öðrum aðilum t.d. ungmannafélagi og skóla.
4. Rætt um Svartholið – Óskað eftir því við hreppsnefnd að kanna möguleika á að kaupa húsnæðið og gera kostnaðaráætlun um lagfæringar á húsinu.
5. Rætt um þátttöku barna frá Bakkafirði og Svalbarðshrepp í tómstundastarfi og akstur í sambandi við það. Nefndin setur það í hendur starfsmanns að félagsstarfið sé samræmt eins og kostur er annarri afþreyingu fyrir þennan hóp.
6. Rætt um áframhaldandi starf íþróttu og æskulýðsfulltrúa og leggur nefndin til að starfinu verði haldið áfram og ráðning núverandi starfsmanns verði framlengd.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.19:50

Kristín Heimisdóttir
Oddný S. Kristjánsdóttir
Sólveig Sveinbjörnsdóttir
Vilborg Stefánsdóttir
Gunnólfur Lárusson